Árið 1900, hinn 2. dag aprílmánaðar, vorum við undirritaðir samkvæmt beiðni oddvita Jóns Jónssonar í Holti staddir á heimili hans til þess að skoða húsabætur þær og jarðabætur sem hann nú um nokkur síðustu ár hefur gjört og gjöra látið á eignar- og abýlisjörð sinni Holti í Stokkseyrarhreppi. —

Húsa- og jarðabætur er sem hér segir:

1. Íbúðarhús úr timbri 12 x 12 á stæðið. Húsið er byggt úr mjög góðum við og vandað að öllu og allt járni klætt. Undir öllu húsinu er kjallari bjartur og loptgóður. Vönduð eldavél er í húsinu. Húsið var byggt árið 1898.

2. Heyhlaða með járnþaki, 19 al. á lengd, 10 al. á vídd, 9 álnir á hæð.

2b. Annur heyhlaða sömul. með járnþaki, 18 al. á lengd, 5 ál. á vídd, 8 ál. á hæð.

Báðar eru hlöðurnar vönduð og vel gjörð hús og rúma hérumbil 800 hesta heys. Veggir eru stæðilegir vel úr torfi og grjóti, sem flytja hefur ~~að~~ orðið að langar leiðir, þarsem landið er grjótlaust. Úr hinni fyrnefndu hlöðu er innangengt í fjós og lambhús - nýhaganlega fyrirkomið.

3. Annur fénaðarhús, fjós, hesthús og sauðfjárhús eru flestöll nýbyggð með vandaðri uppgerð og vel reist. Stóðu þau hingað og þangað um túnið, en eru nú flutt á einn stað utantúns.

4. Skurði til vornar og vatnsveitinga mældum við alls 850 faðma á lengd, 6-7 feta breiða, 2 fet á dýpt.

5. Túngarða úr torfi hefur hann byggt samtals 195 faðma á lengd og gyrðingu um matjurtagarða samtals 116 faðma. —

6. Tyræktaðir jarðeplagarðar voru 336 □ faðmar.

7. Í túni hefur hann sléttað 4922 □ faðma, og er það verk vel vandað og vel af hendi leyst.

Einc og Jón bóndi hefur ikaroð fram úr Stéttarbræðrum sínum í sínum hreppi hvað jarða- og húsabætur snertir, einc hefur hann og fyrir hagsýni sína og dugnað getað hjálpað um heg í heylegris og harðindatímum og í því efni verið drjúgur styrktarmaður hreppi félaga sínu. Hefur hann og fleirum sinnum hlotið viðurkenningu fyrir dugnað sinn í jarðabótum úr Gjafasjóði Þorleifs Dbrm. Kolbeinssonar á Stóra-Háeyri. —

Stóra-Hrauni og Stokkeyri
10 apríl 1900

Ólafur Helgason
prestur.

Jón Jónasson
hreppstj.